

Ólafur Örn Haraldsson formaður  
umhverfisnefnd Alþingis  
Alþingi  
150 Reykjavík

Alþingi  
Erindi nr. Þ 121,980  
komudagur 4/3 1997

Reykjavík, 27.2. 1997  
Tilv.: 003-101 JGO/ÞJ

Vísað er til bréfs yðar, dags. 4. þ.m., þar sem óskað er eftir álitni stofnunarinnar á frumvarpi til laga um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum (256. mál).

Náttúrufræðistofnun Íslands mælir með samþykkt þessa frumvarps.

Samkvæmt 2. mgr. 3. greinar frumvarpsins skal Náttúrufræðistofnun Íslands afla gagna um skriðuföll og hættu af þeirra völdum í samstarfi við Veðurstofuna. Stofnunin túlkar þetta ákvæði þannig að gert sé ráð fyrir að hún annist eftir sem áður rannsóknir á skriðuföllum í tengslum við lögbundnar rannsóknir á jarðgrunni landsins (lausum jarðlögum). "Skriðuannáll" verði gefinn út árlega og athygli Veðurstofunnar vakin á mögulegum hættusvæðum. Það er skilningur stofnunarinnar að hún þurfi ekki að annast gerð hættumats en henni beri að sinna þeim jarðfræðirannsóknum sem þörf er fyrir vegna hættumats.

Athygli nefndarinnar er vakin á því að á undanförunum árum hefur Veðurstofan greitt kostnað Náttúrufræðistofnunar af rannsóknum á skriðuföllum. Í umsögn fjármálaráðuneytisins um frumvarpið segir að 2. mgr. 3. greinar feli ekki í sér neina kostnaðarbreytingu. Tryggja þarf að Náttúrufræðistofnun fái árleg fjárframlög til skriðurannsókna eftir að þetta hlutverk hennar hefur verið lögfest.

Virðingarfyllst,



Jón Gunnar Ottósson  
forstjóri

